

Aðgerðaáætlun – Fólkið

Undirmarkmið stoðar	Aðgerðir	Lýsing á aðgerð – þetta eru tillögur frá starfsmönnum
Stuðla að heilbrigði og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar	1.1.1. Innleiðing á Heillasporum	Heillasporin eru verkfæri til að efla félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna. Markmiðið er að tryggja snemmtækan stuðning, forvarnir og jákvæða hegðun í skóla- og frístundastarfi.
	1.1.2. Innleiðing Signs of Safety	Aðferðafræði sem styrkir samstarf fjölskyldna og fagfólks í barnavernd. Lagt er upp með styrkleikamiðað verklag þar sem markmið er að auka öryggi barna og draga úr inngripum.
	1.1.3. Innleiðing farsældarlaga	Tryggir samræmda þjónustu við börn og fjölskyldur í öllu sveitarfélaginu í samræmi við ný lög um farsæld barna. Byggir á þverfaglegu samstarfi og aukinni ábyrgð sveitarfélagsins á heildstæðri velferð barna
	1.1.4. Innleiðing á Þjónandi leiðsögn	Þjónandi leiðsögn er einstaklingsmiðuð nálgun sem byggir á hugmyndum um gagnkvæm tengsl og skilyrðislaus umhyggju. Markmiðið með innleiðingu er að þróa starfsaðferðir og vinnulag sem stuðla að því að þjónustunotendur upplifi að þeir eigi virkan þátt í eigin velferð og menntun, hafi aðgang að stuðningi sem byggir á trausti og virðingu, og fái að njóta nærveru, hlýju og virðingar frá þjónustuaðilum.

	1.1.5. Vinna aðgerðabundna lýðheilsustefnu fyrir sveitarfélagið	Vinna nýja lýðheilsustefnu fyrir sveitarfélagið. Sótt verður um styrk til landlæknisembættisins fyrir verkefnið. Lýðheilsuráð ásamt verkefnastjóra á fræðslu- og frístundasviði munu leiða vinnuna.
	1.1.6. Aðgerðaáætlun í Barnvænu sveitarfélagi	Framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna tryggð í allri stefnumótun og þjónustu sveitarfélagsins. Áhersla á þátttöku barna í ákvörðunum sem varða þau sjálf. Aðgerðaáætlun byggir á innleiðingarhring í barnvænu sveitarfélagi og niðurstöðum barnþings sem haldið er annað hvert ár í sveitarfélaginu.
Verklag og stefnur sveitarfélagsins stuðla að jöfnuði og gagnsæi	1.2.1. Menntastefna sveitarfélagsins endurspeglir alltæka hönnun náms	Endurskoðun og þróun menntastefnu í leik-, grunn- og tónlistarskólum taki mið af hugmyndafræði alltækrar hönnunar (Universal Design for Learning) og mannréttindasjónarmiða. Markmiðið er að tryggja að námsumhverfi, kennsluhættir og þjónusta séu aðgengileg og viðeigandi fyrir alla nemendur, óháð bakgrunni, hæfni eða aðstæðum. Verkefnið felur í sér fræðslu fyrir starfsfólk, þróun starfshátta og samráð við foreldra og nemendur um fjölbreyttar þarfir í námi.
	1.2.2. Mótun heildarstefnu í málefnum fræðslu, frístunda og velferðarmálum (fjölskyldustefna) sem skal vera aðgerðabundin.	Sett verður fram sameinuð stefna sem samræmir þjónustu og gildi í fræðslu-, frístunda- og velferðarmálum sveitarfélagsins. Tengist mótun menntastefnu, forvarnarstefnu og aðgerðaáætlunum í barnvænu og heilsueflandi. Mikilvægt að ígrunda vel hvernig svona stefna ætti að líta út og hvort hún bæti einhverju við eða geri aðrar stefnur óþarfar.

		Hún byggir á meginþáttum velferðar fyrir alla aldurshópa og tryggir samfellu í þjónustu – frá vöggu til grafar
		Áhersla verður á jafnrétti, gæði, fagmennsku og inngildingu sem leiðarljós í allri þjónustu.
		Ferlið felur í sér vinnuhópa milli stofnana, samráð við alla íbúa bæði þéttbýlis og dreifbýlis og samþættingu við heildarstefnu sveitarfélagsins Hornafjörður náttúrulega.
	1.2.3. Að stefnumótun og gerð verklags taki mið að því að tryggja jafnrétti, jöfnuð og markvissa inngildingu íbúa	Allt verklag og stefnumótun innan sveitarfélagsins verði metið út frá áhrifum á jafnræði og aðgengi.
		Þróaðar verða leiðbeiningar og verkferlar sem tryggja að mismunun sé ekki fyrir hendi og að þjónusta sé aðgengileg fyrir alla – óháð aldri, kyni, uppruna, tungumáli, fötlun, búsetu eða félagslegum aðstæðum.
		Verkefnið nær til stefnumótunarferla, upplýsingagjafar, ráðninga og skipulags vinnustaða sveitarfélagsins.
		Áhersla verður á notkun jafnréttismats, þátttöku notenda og stöðuga endurskoðun.

Efla innra- og gæðamat í skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu	1.3.1. Innleiðing á innramatskerfum í leik- og grunnskóla	Innleitt verður samræmt innramatskerfi fyrir leik- og grunnskóla sem styður faglegt sjálfsmat, stöðugar umbætur og aukin gæði í námi og kennslu. Kerfið byggir á leiðarljósum Menntamálastofnunar og tekur mið af þáttum eins og fagmennsku, námsárangri, vellíðan nemenda og samstarfi við foreldra.
	1.3.2. Úrbótaáætlanir í kjölfar innramats	Á grundvelli niðurstaðna úr innramati verða unnar úrbótaáætlanir fyrir hverja stofnun.
		Í úrbótaáætlun eru forgangsverkefni skilgreind og komið með tillögum að aðgerðum. Auk þess tilgreint hver ber ábyrgð, mælikvarðar og tímaramma til að tryggja markvissar umbætur.
		Ferlið stuðlar að ábyrgð, gagnsæi og sameiginlegri ábyrgð starfsfólks á faglegri þróun og gæðum skólastarfs.
		Þátttaka starfsfólks og notenda (nemenda, foreldra, þjónustuþega) er lykilatriði í að móta raunhæfar og árangursríkar úrbætur.

	1.3.3. Gæðaúttekt á Stuðnings- og virknipjónustu	Framkvæmd verður gæðaúttekt á þjónustu stuðnings- og virknipjónustu velferðarsviðs. Markmið úttektarinnar er að tryggja að þjónustan sé framkvæmd skv. viðeigandi lögum og reglugerðum, hún sé einstaklingsmiðuð, samhæfð, fagleg og að áhersla sé á sjálfstæði og virkni notenda. Lögð verður áhersla á að tryggja að þjónusta sé sambærileg fyrir alla, allstaðar í sveitarfélaginu og aðlöguð að þörfum hvers og eins. Niðurstöður verða nýttar til að þróa og bæta verklag, efla samþættingu þjónustu og hæfni starfsfólks í velferðarþjónustu sveitarfélagsins.
Efla sveitarfélagið sem fjölmenningsarsamfélag og hlúa að inngildingu	1.4.1. Efla nýtingu á "Bara Tala" snjallorritinu	Auka notkun og vitund um „Bara tala“ forritið meðal starfsfólks.
		Tryggja að forritið sé aðgengilegt starfsmönnum í öllum stofnunum sveitarfélagsins.
		Þróa fræðslu og leiðbeiningar fyrir starfsfólk um notkun forritsins í daglegu starfi.

	1.4.2. Fylgja eftir aðgerðaáætlun málsstefnu og innleiðing tungumálastefna í stofnanir sveitarfélagsins	Framkvæmd aðgerðaáætlunar um málstefnu sveitarfélagsins verður tryggð með reglulegri eftirfylgni og mati á árangri. Að stofnanir setji sér tungumálastefnur. Endurskoðun/uppfærsla á móttökuáætlun FogF svið.
	1.4.3. Efla upplýsingagjöf og virkja fjölmenningsráð, öldungaráð og notendaráð fatlaðs fólks.	Upplýsingagjöf til erlendra íbúa verður samræmt almennu verklagi um upplýsingagjöf og tryggt að allar upplýsingar sem sveitarfélagið gefur frá sér séu aðgengilegar öllum.
		Ráðin nýtt í auknu mæli t.d. með því að taka þátt í stefnumótun og verkefnum sem varða inngildingu og auka á upplýsingagjöf til þess.

	1.4.4. Fjölga tækifærum til að læra íslensku. Efla ÍSAT (Íslenska sem annað tungumál) kennslu. Stuðla að öflugri móttöku barna af erlendum uppruna og snemmtækum stuðningi og tengingu við MEMM (Menntun, mótaka, menning) verkefnið.	Í samstarfi við fræðslunetið, skóla, stofnanir og félagasamtök verður boðið upp á fjölbreytt og sveigjanlegt íslenskunám.
		Sérstök áhersla verður á að ná til fjölskyldna, barna og ungmenna og atvinnulífsins
	1.4.5. Efla og fjölga samfélagsfræðslu tengdum verkefnum	Þróa og efla samfélagsfræðslu sem kynnir íslenskt samfélag, réttindi, skyldur, áskoranir og tækifæri.
		Unnið verður með stofnunum, skólum og félagasamtökum við að þróa og halda námskeið og viðburði sem stuðla að gagnkvæmum skilningi og menningartengslum bæði í þéttbýli og dreifbýli.

		Áhersla á þátttöku allra, bæði erlendra og innlendra íbúa, til að styrkja félagslegan samhljóm og inngildingu.
Húsnæði og umhverfi skóla, frístunda og velferðarþjónustu til fyrirmyndar	1.5.1. Þarfagreining og aðgerðaáætlun í húsnæðismálum Grunnskóla Hornafjarðar	Unnið hefur verið að mati á núverandi aðstöðu grunnskóla og frístundastarfs með tilliti til rýmis, aðgengis, öryggis og framtíðarþarfa. Byggt er á spám um íbúafjölgun, breytingum á nemendafjölda og þróun í kennsluháttum og áhersla á samráð við foreldra , starfsfólk og nemendur. Markmiðið er að tryggja að skólahúsnæði og lærdómsumhverfi sé nútímalegt, vistvænt og styðji við gæði náms og vellíðan nemenda. Niðurstöður nýttar til að móta framkvæmda- og fjárfestingaáætlun til næstu ára.
	1.5.2. Þarfagreining og aðgerðaáætlun í íþróttamannvirkjum	Unnið verður eftir þarfagreining á íþróttaaðstöðu í Sveitarfélaginu Hornafirði með áherslu á jafnt aðgengi barna, ungmenna og fullorðinna að hreyfingu og tómstundum. Markmiðið er að tryggja fjölbreytta, örugga og aðgengilega aðstöðu sem mætir þörfum mismunandi hópa. Greiningin mun leggja grunn að forgangsriðun framkvæmda og nýtingu fjármagns til uppbyggingar og viðhalds mannvirkja ekki bara á Höfn heldur einnig annarsstaðar í sveitarfélaginu. Samráð verður haft við íþróttafélög, skóla, foreldra og aðra hagsmunaaðila.

	1.5.3. Þarfagreining og aðgerðaáætlun í húsnæðismálefnum aldraðra, fatlaðra og félagslegum búsetuúrræðum	Framkvæmd verður heildræn greining á húsnæði og aðstöðu velferðarþjónustu sveitarfélagsins. Markmiðið er að tryggja að húsnæði uppfylli kröfur um aðgengi, öryggi, vinnuvernd og þá þjónustu sem fram fer hverju sinni. Tryggja skal að húsnæði þjónustunnar henti öllum og sértaklega þeim hópum sem hún miðar að. Horft verður til þarfa íbúa bæði í þéttbýli og dreifbýli. Niðurstöður verða nýttar til að forgangsraða framkvæmdum og móta langtímaáætlun um viðhald, endurbætur og framtíðarþarfir þjónustunnar. Lögð verður áhersla á samráð við íbúa, starfsfólk og notendur þjónustunnar við mat á þörfum.
	1.5.4. Hönnun og viðhald opinna svæða taki mið af algildri hönnun	Opin svæði bæði í þéttbýli og dreifbýli sveitarfélagsins verði hönnuð og viðhaldið í samræmi við meginreglur algildrar hönnunar. Lögð verður áhersla á að svæðin séu örugg, aðgengileg og hvetji til útiveru, samveru og þátttöku allra aldurshópa og íbúa með ólíkar þarfir. Verkefnið felur í sér endurskoðun núverandi svæða, samráð við íbúa og aukna áherslu á græn svæði og vistvæna lausnir.